

Skilalýsing

Ný og glæsileg geymsluhúsnæði við Straumhelli 10 í Hafnarfirði.

Ath. engin vsk-kvöð er á húsnæðinu.

Bilin verða afhent fullbúin að utan og innan (byggingarstig 7)

Áætlaður afhendingartími er í mars 2025 eða fyrr.

Lofthæð í húsinu eru tæpir 4,6 m - 7,2 m. - Innkeyrsluhurð B: 3,1-3,6 m H: 4,0 m

straumhella.is

[Smelltu hér til að skoða laus bil](#)

Nánari lýsing:

- Epoxy á gólfi
- Útveggja- og milliveggjaeiningar auk þakeininga frá HÝSI
- Undirstöður og botnplata eru staðsteypt og verða gólf burðarmikil, gólfplata einangruð

Útveggir/ þak / þakkantur / burðarvirki: Allir útveggir og þak hússins eru úr yleiningum, samlokueiningar frá HÝSI. Burðarvirki er límtré. Litur klæðninga að utanverðu er RAL7016 á matshluta 2 en RAL 8044 á matshluta 1 og að innan RAL 9010 í báðum matshlutum. Þakkantur er einfaldur, stálklæddur í sama lit og þakefni með utanáliggjandi álrennum og niðurfallsrörum í sama lit. Mænishæð er 7,0 metrar

Hitakerfi: Gólfhitakerfi sem er innsteypt í botnplötuna á járnagrind komið í hverja starfseiningu, deilíkista með hringrásarkerfi tengd í hverri einingu. Kerfi stjórnað með handvirkum ofnloka.

Frárennslis og neysluvatnslagnir: Skólþ- og regnvatnslagnir eru fullfrágengnar og tengdar fráveitukerfi í götu. Gólfniðurfall er fyrir innan allar innkeyrsluhurðir. Deilíkistur fyrir neysluvatn frágengnar í hverri starfseiningu og tengt úr henni í viðkomandi viðtaka.

Rafmagn: Aðaltafla með mælum fyrir hverja starfseiningu frágengin í inntaksrými. Greinatafla frágengin í hverri starfseiningu með einum þriggja fasa tengli við hliðina. Tenglar á nokkrum stöðum í hverri starfseiningu skv. grunnhönnun raflagnahönnuðar. Full lýsing (LED) í hverri starfseiningu skv. grunnhönnun raflagnahönnuðar sem uppfyllir viðkomandi reglur. Raflagnir lagðar í aðgengilegum kapalstigum, auðvelt að breyta ljósum, slökkvurum, tenglum og slíku ef þurfa þykir. Útiljós við hurðir á hverri starfseiningu. Gert er ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við hverja einingu.

- Gluggar og gönguhurðir – Ál.
- Innkeyrsluhurð frá Héðni – með rafmótoropnara.

- Ekki verður sett upp salernisaðstaða en lögnum verður komið fyrir svo möguleiki fyrir salernisaðstöðu er til staðar.

- Lóð malbikuð með gróðri.
- Útilýsing er kveikt sjálfvirk með sólúri.
- Öryggismyndavélakerfi.
- Kaupandi borgar skipulagsgjald þegar það verður lagt á við brunabótamat.

Byggingin verður í notkunarflokki 1. samkv. byggingareglugerð en um er að ræða geymslur í þeim flokki. Skil hússins miðast við ÍST51:2021 BS4 – Fullgerð bygging. ATH: þetta er nýr staðall um skil á byggingarstigum húsa.